

Milli	og Reykjavíkur			Stykkishólms			Bíldudals			Þingeyrar			Flateyrar		
	í 1. lyptingu.	í 2. lyptingu.	Á þálfari.	í 1. lyptingu.	í 2. lyptingu.	Á þálfari.	í 1. lyptingu.	í 2. lyptingu.	Á þálfari.	í 1. lyptingu.	í 2. lyptingu.	Á þálfari.	í 1. lyptingu.	í 2. lyptingu.	Á þálfari.
Stykkishólms	Kr. a. 6,00	Kr. a. 4,00	Kr. a. 2,70												
Bíldudals	11,00	7,30	4,90	5,00	3,30	2,20									
Þingeyrar	13,00	8,70	5,80	7,00	4,70	3,10	2,00	1,30	0,90						
Flateyrar	14,60	9,70	6,50	8,60	5,70	3,80	3,60	2,40	1,60	1,60	1,10	0,70			
Ísafjarðar	16,40	10,90	7,30	10,40	6,90	4,60	5,40	3,60	2,40	3,40	2,30	1,50	1,80	1,20	0,80
Sauðárkróks	23,40	15,60	10,40	17,40	11,60	7,70	12,40	8,30	5,50	10,40	6,90	4,60	8,80	5,90	3,90
Akureyrar	28,00	18,70	12,50	22,00	14,70	9,80	17,00	11,30	7,50	15,00	10,00	6,70	13,40	8,90	5,90
Húsavíkur	31,20	20,80	13,90	25,20	16,80	11,20	20,20	13,50	9,00	18,20	12,10	8,10	16,60	11,10	7,30
Vopnafjarðar	38,80	25,90	17,30	32,80	21,90	14,60	27,80	18,50	12,30	25,80	17,20	11,50	24,20	16,10	10,70
Seyðisfjarðar	41,80	27,90	18,60	35,80	23,90	15,90	30,80	20,50	13,70	28,80	19,20	12,80	27,20	18,10	12,30
Eskifjarðar	44,00	29,30	19,50	38,00	25,30	16,90	33,00	22,00	14,70	31,00	20,70	13,80	29,40	19,60	13,30

1. Milli Kaupmannahafnar, Grantons, (Leiths), eða Færeyja og annarar hafnar á Íslandi en Eskifjarðar (Seyðisfjarðar) eða Reykjavíkur, greiðist farargjaldið til Eskifjarðar (Seyðisfjarðar) að við bættu gjaldinu þaðan, þó ekki meira alls en gjaldið frá útlendu höfninni til Reykjavíkur.
2. Frá Vestmannaeyjum til Kaupmannahafnar, Grantons (Leiths) eða Færeyja greiðist hið sama gjald og frá Reykjavík; en farargjaldið milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja er: 1. lypting 16 kr. 2. lypting 10 kr., en fram og aftur í sömu ferðinni 1. lypting 24 kr.
3. Ef tekið er við mönnum eða þeim skotið í land einhversstaðar á ströndum landsins milli hinna tilgreindu farstöðva, reiknist farargjaldið, eins og þeir hefðu gengið á skipið á stöðvum þeim, er það kom síðast frá, eða farið af því á þeirri höfn, er það á að koma við á næst á eptir.
4. Fyrir börn yngri en 2 ára greiðist ekkert farargjald. Fyrir börn milli 2 og 12 ára greiðist hálf t farargjald.
5. Hver fullorðinn farþegi má hafa með sjer ókeypís svo mikinn flutning, að nemi 100 pundum, en barn 50 pund. Hafi farþegi meiri flutning meðferðis, ber honum að greiða 10 aura fyrir hver 10 pund, sem um fram eru milli hafna á Íslandi; en 66 a., ef ferðinni er lengra heitið.
6. Fyrir fæði (án vín- og ölfanga) greiðist í 1. lyptingu, meðan ferðin varir, 4 kr. 66 a. um sólarhringinn fyrir hvern mann fullorðinn, en 2 kr. 33 a. fyrir barn; í 2. lyptingu 2 kr. fyrir hvern fullorðinn 1 kr. fyrir barn.

14. apríl. — *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um vitagjörð á Reykjanesi. — Með þóknanlegu brjefi 2. sept. 1875 hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hingað allraþegnsamlegast ávarp er alþingi 1875 hafði komið sjer saman um, þess efnis, að veitt yrði úr ríkissjóðnum danska fje það, er til þess þarf að koma upp vita á Reykjanesi við Faxatflóa, og bar þingið það fyrir sig máli sínu til stuðnings, að með því að vitamál heyri undir flotaráðherrann og verði því að teljast með almennum málum ríkisins, en til þeirra á Ísland eigi að leggja neitt samkvæmt lögnum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871, 2. grein, hljóti það að eiga að lenda á ríkissjóðnum danska að kosta vita þá, sem nauðsynlegir eru á Íslandi, og fallizt þjer að mestu leyti á þá sköðun.

Út af þessu skal það þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jafnvel þótt ráðgjafinn gæti eigi kannazt við, að nokkur skuldbinding liggja á ríkissjóðnum danska í þessu efni samkvæmt lögum 2. jan. 1871, þótti honum samt eigi ólíklegt, að vænta mætti tillags úr ríkissjóði til þessarar fyrirætlanar, er eigi mundi verða fram

Lenzkra hafna.

Isafjarðar			Saudárkróks			Akureyrar			Húsavíkur			Vopnafjarðar			Seyðisfjarðar		
í 2. lyptingu.	í 1. lyptingu.	A þálfari.	í 1. lyptingu.	í 2. lyptingu.	A þálfari.	í 1. lyptingu.	í 2. lyptingu.	A þálfari.	í 1. lyptingu.	í 2. lyptingu.	A þálfari.	í 1. lyptingu.	í 2. lyptingu.	A þálfari.	í 1. lyptingu.	í 2. lyptingu.	A þálfari.
Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.
4,70	3,10																
7,70	5,10		4,60	3,10	2,10												
9,90	6,60		7,80	5,20	3,50	3,20	2,10	1,40									
14,90	9,90		15,40	10,30	6,90	10,80	7,20	4,80	7,60	5,10	3,40						
16,90	11,30		18,40	12,30	8,20	13,80	9,20	6,10	10,60	7,10	4,70	3,00	2,00	1,30			
18,40	12,30		20,60	13,70	9,10	16,00	10,70	7,10	12,80	8,50	5,70	5,20	3,50	2,30	2,20	1,50	1,00

komið fyrir Íslands eigin rammleik, — sakir þess, að mjög gæti orðið varið í það fyrir siglingar og verzlun Dana, að þessu ráði yrði fram-gengt. Var flotaráðherranum því sent málið, og ljét hann í svari sínu þess fyrst getið, að eigi liggi allir vitar ríkis-ins undir sig, því að allir hjeraðavitur, er eigi komi hinum almennu skipasiglingum að notum, heyri undir hlutadeigandi sveitarstjórn, og eins sje um vitana á Vestureyjum Dana, að þær standi sjálfar straum af kostnaðinum til þeirra; en sagðist þó vera fús á að láta í tje aðstoð sína til að koma upp slikum vita, sem hjer er í ráði; og með því hann var á því, eins og ráðgjafinn fyrir Ísland, að af framantjæðri orsök væri ástæða til, að vænta tillags úr ríkissjóðnum danska til áminnstrar fyrirætlunar, hefir hann skotið því til ráðgjafans fyrir Ísland, að hann setti í fjárlagafrumvarpið fyrir Danmörku það, sem þörf er á í þessu efni, og stingur upp á, að styrkurinn verði látinn nema því sem þarf til að útvega ljóskeer af eiri með speglum og öðrum tækjum, en aptur á móti yrði landssjóður Íslands að standa straum af sjálfri vitagjörðinni á Reykjanesi, og eins af kostnaðinum til viðurhalds á honum eptirleidis og gæzlu.

En nú varð ráðgjafinn fyrir Ísland að vera á því, að eigi gæti orðið umtals-mál að setja uppástungu um þetta efni í fjárlagafrumvarpið fyrir Danmörku fyr en vissa væri fengin um það, að alþingi mundi að sínu leyti fúst á, að eiga þátt í kostnað-inum til að koma fyrirætluninni fram, en aptur mundi það nauðsynlegt til þess, að alþingi gæti afráðið eitthvað um það, að lögð yrði fyrir það skýrsla, þar sem lagt væri nákvæmlega niður, hvernig vitagjörðinni ætti að haga, og sömuleiðis áætlun um kostnað þann, er það mundi hafa í för með sjer, og hefir því verið lagt svo undir, að maður, sem vel kann til vitagjörðar, verði sendur til Íslands til þess að rannsaka, hvernig til hagar, og búa til uppástungu um vitagjörðina, og semja áætlun um kostnað þann, er ætla má að fyrirtekið muni hafa í för með sjer; er til þessarar sendifarar kjörinn Alexander Rothe «ingenieur», og mun hann leggja af stað hjeðan með póstgufuskipinu, sem fer 15. p. m. Er Rothe «ingenieur» veitt 200 kr. þóknun um mánuðinn, þó svo, að þóknunin má eigi nema minnu en 600 kr. alls, auk kostnaðarlausrar ferðar, húsnæðis og fæðis samkvæmt reikningi, frá þeim degi, er hann fer af stað hjeðan, og þangað til hann kemur aptur, og verður að greiða þann kostnað úr landssjóði Íslands. Þess skal getið, að honum hafa verið greiddar 400 kr. fyrirfram upp í ferðakostnað, og eruð hjer

14. apríl 7. jafnframt þjónustusamlega beðnir um, herra landshöfðingi, að láta greiða Rothe «ingenieur» úr jarðabókarsjóði það, sem hann kynni að þurfa í ferðakostnað, ef hann óskar þess, og sömuleiðis láta honum í tje þá leiðbeiningu, er við þarf, að því er snertir erindi það, er hann hefir á hendur tekizt, þegar hann gefur sig fram við yður, er hann kemur til Íslands, og eins eruð þjer beðnir að veita viðtöku hjá honum skýrslum þeim og áætlunum, er hann semur að afloknum rannsóknum sínum, og gjöra þær síðan kunnar alþingi, til þess að það geti íhugað, hvort veita skuli styrk úr landssjóði Íslands til áminnstrar fyrirætlunar, og þá hvað mikinn.

Brjefi þessu fylgir endurrit af erindisbrjefi því, er flotaráðherrann hefir fengið Rothe «ingenieur»¹.

SKIPUN EMBÆTTISMANNA.

Hinn 12. dag aprilmán. þóknadist hans hátign konunginum allramildilegast að leyfa, að sýslumaður Eggert Ólafur Briem, er 2. nóvbr. f. á. allramildilegast var skipaður sýslumaður í Húnavatnssýslu, mætti vera kyrr í Skagafjarðarsýslu, eins og áminnst skipun hefði ekki átt sjer stað. Sama dag þóknadist hans hátign allramildilegast að skipa sýslumann í Dalasýslu, L á r u s Þ ó r a r i n u Blöndal, til að vera sýslumann í Húnavatnssýslu frá 6. júní þ. á.

ÓVEITT EMBÆTTI,

er ráðgjafinn fyrir Ísland hlutast til um.

Sýslumannsembættið í Dalasýslu innan vesturumdæmis Íslands, og veitist það frá 6. júní 1878.

Hinar föstu tekjur embættisins, sem svo eru nefndar: skattur, gjaffollur og konungstiund, eru fengnar sýslumanni að ljeni, gegn árseptirgjaldi því, sem á er kveðið með konungsúrskurði frá 26. septbr. 1838, og er það 160 kr.; en lögmannstoll hefir sýslumaður í umbodi gegn sjöttungs umboðslaunum. Tekjur þessar, ásamt óvissum tekjum, sem svo eru nefndar og fólgnar eru í aukatekjum, er áætlað að nemi hjer um bil 2500 kr. á ári.

Að öðru leyti er þess að geta, að sá, sem skipaður verður í embættið, er skyldur að setta sig við sjerhverja breytingu, er á embættistíma hans kynni að þykja nauðsynleg, að því er snertir verkvið embættisins, og sömuleiðis við breytingu á tekjum þeim, er lagðar eru embættinu, einkum fyrir það að embættislaunin yrðu fast ákveðin.

Ef nokkur, sem ekki er Íslendingur, skyldi beiðast embættis þessa, ber honum samkvæmt konungsúrskurðum frá 8. apríl 1844, 27. maí 1857 og 8. febr. 1863, að láta fylgja bónarbrjefi sínu tilhlýðilegt votterð um kunnáttu sína í íslenzkri tungu.

Auglýst 13. apríl 1877.

Bónarbrjefin eiga að vera komin fyrir 15. október 1877.

1) Erindisbrjefið er dags. 12. apríl og hljóðar þannig: „Nú er þjer hafð í vetur átt kost á, að kynna yður vandlega undirbúnings-umræður þær og rannsóknir snertandi fyrirhugada vitagjörð á útsuðurtá Íslands, Reykjanesi, eruð þjer samkvæmt undangengnum brjefaskiptum við ráðgjafann fyrir Ísland hjer með þjónustusamlega beðnir að ferðast hjedan sunnudaginn 15. þ. m. með hinu íslenzka pósgufuskipi til Reykjavíkur, og skuluð þjer þegar þær kemur, gefa yður fram við landshöfðingjann (sem stendur Berg amtmann Thörberg í fjærveru hans) og sýna honum erindisbrjef yðar, til þess að fá hjá honum þá vísbendingu, leiðbeiningu og aðstoð, er þjer þúrfið á að halda, til frekari rannsóknar bæði á staðnum, þar sem vitann á að reisa, og munuð þjer finna þær vörðu hlaðna, og eins um annað, er snertir flutning þangað, eptir því sem yður virðist þurfa.

Af brjefi flotaráðgjafans til ráðgjafans fyrir Ísland 3. septbr. f. á. er yður kunnugt, að uppástungan frá honum var sú, að vitann skyldi reisa á klettinum Valahnjúk, er liggur á fremstu skagatánni á Reykjanesi, og er 150 fet á hæð yfir sjávarmál, og að svo var ráð fyrir gjört, að það yrði spegilviti, með 3½—4 mílna ljósrými, og birtumagnnið mest gegn suðri og landsuðri; skyldi turninn vera hjer um bil 41—50 fet á hæð, og húsnæði fyrir 2 vitagæzlumenn í minnsta lagi.

Þegar þjer eruð búnir að safna skýrslum þeim, er á þarf að halda, og búa til uppdrætti með áætlun og lýsingu, eptir að þjer hafð borið yður saman við landshöfðingja í því efni, fáid þjer honum í hendur tjeða uppdrætti, áætlun og lýsingu, og verður það að vera áður en alþingi kemur saman í byrjun júlímán. þ. á.